



MONITOR



FRÍTT
EINTAK



Samsung GALAXY
ALLT ÞAÐ GÓÐA SEM LÍFIÐ

SAMSUNG

14°C 17°/11°
Reykjavík
Sól og sumar

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
20°/14°	18°/14°	20°/18°	19°/12°	16°/13°

AccuWeather.com 16/08 09:00

Tónleikar sumar 2012
00:29:08 / 02:45:41

▶ Little Talks - Of Monsters And Men
From Finner - Of Monsters And Men
Six Weeks - Of Monsters And Men
Love Love Love - Of Monsters And Men
Your Bones - Of Monsters And Men

Samsung
GALAXY Tab2

Simi, tengill, skjalbú, Ch@t, Net, Internet, Samsung Apps, Play Store

09:00 3G

HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA!

Instagram

SAMSUNG



10:20 AM





TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

„Nómofóbía“ nefnist það þegar fólk hefur fælni fyrir því að týna gamsanum sínum. Ert þú með nómofóbíu?

TINNA LIND, HALLA OG EMMA KIM Í BANASTUDI Á DANSHÁTÍÐINI

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

21. ágúst – 31. ágúst
Heimasíða: reykjavikdancefestival.is

Tólf tíma veisla

Halla Ólafsdóttir sagði Monitor frá tólf tíma löngu dansmaraþoni sem fram fer á Reykjavík Dance Festival annað kvöld

„Þetta verður tólf tíma veisla,“ segir Halla Ólafsdóttir, listrænn stjórnandi Reykjavík Dance Festival, um sérstakt dansmaraþon sem fram fer á hátíðinni annað kvöld. Hátíðargestir munu þá geta fylgst með fjöldanum öllum af viðburðum í hálfan sólarhring samfleytt. „Maraþonið verður sett með viðburði sem við ákváðum að kalla „Feminist Barbeque“ og hefst það kl. 18. Þangað eru að sjálfsögðu allir velkomnir,“ bætir hún við. „Hátíðin er með dálítið öðru sniði heldur en hún hefur verið síðastliðin ár. Á henni verður þrjátíu listamönnum, innlendum

og erlendum, sem valdir eru með tilliti til listrænnar vinnu þeirra stefnt saman í staðinn fyrir að við veljum ákveðin verk inn á hátíðina. Maraþonið var því hugsað sem viðburður þar sem fleiri en þessum þrjátíu listamönnum gæfist tækifæri til að sýna listir sínar. Fólk hefur því getað sent okkur inn helling af tillögum þannig að það verður víða komið við sögu þessa nótt. Þarna verða dansatriði, tónlistaratriði, grill, spjallstundir og svo framvegis alveg fram á morgun.“

Maraþoninu lýkur eins og fyrr segir tólf tímum síðar eða klukkan

sex á laugardagsmorgninum. „Þetta endar sem sagt allt með morgunmatarveislu þar sem allir þeir sem hafa haldið maraþonið út fagna því með því að borða saman. Reyndar eru þeir sem vakna svona eldsnemma fyrir vinnu líka alveg hjartanlega velkomnir í morgunmat með okkur,“ bætir Halla við.

Allt hápunktur hátíðarinnar

Reykjavík Dance Festival, sem í ár ber yfirskriftina A Series of Events, er nú haldin í tíunda sinn. Allir viðburðir hátíðarinnar sem eftir eru fara fram á Dansverkstæðinu við Skúlagötu 30,

gengið inn frá Hverfisgötu. „Við tókum ákvörðun að hafa frítt inn á alla viðburði enda viljum við hafa listina sem aðgengilegasta. Flestir viðburðirnir hefjast kl. 18:30 en við mælumst til þess að fólk mæti klukkutíma fyrir vegna takmarkaðs sætapláss,“ segir Halla en vill ekki tilnefna neinn viðburð þegar blaðamaður spyrst fyrir um hápunkt hátíðarinnar. „Við reynum að forðast hefðbundin form á hátíð þar sem það er eitthvert upphaf, svo nær hátíðin hápunkti og endar eftir það. Hjá okkur verður í raun allt hápunktur, eða bara allt lágpunktur,“ segir

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR NEMA

Nú þegar skólarnir eru að fljúga af stað er þjóðráð að huga að því hvernig maður hyggt koma sér í skólann á hverjum morgni. Monitor mælir með því að lesendur verði sér úti um **NEMAKORTIÐ** hjá Strætó bs. enda bæði snilld að losna við bensínkostnað og þægilegt að þurfa ekki að keyra sjálfur á þreyttum skóladagsmorgnum.



FYRIR ROKKÞYRSTA

8. september næstkomandi fer rokkhátíðin Rokkjötur fram í Kaplakrika. Fram koma rokksveitirnar HAM, **SKÁLMOLD**, Sólstafir, Brain Police, The Vintage Caravan, Bootlegs, Endless Dark og Momentum. Skemmst er frá því að segja að miðasala er hafin og hvetur Monitor rokkþyrsta lesendur sína til að skella sér á þessa grjóthörðu hátíð þar sem allt verður gefið í botn.



I SUMARLOK

Það getur verið erfitt að sætta sig við að sumarið sé að renna manni úr greipum og er því um að gera að vera duglegur við að fanga síðustu augnablik sumarsins 2012 á filmu. Monitor mælir með því að fólk kynni sér skemmtilegar **„LOMOGRAPHY-MYNDAVÉLAR“** sem gaman er að leika sér með. Um er að ræða flottar filmuvélar á borð við Diana og Holga, sem til dæmis eru fánlegar í Hrími á Laugavegi.



Vikan á facebook



Björn Bragi Arnarsson

Er búinn að vera að þæla í plottinu í Tal-auglýsingum Nilla. Hvers vegna er táningur í veiðiferð með sextugum karli? Eru þeir elskhugar?

20. ágúst kl. 20:10



Erlendsdóttir Ágústa Eva

HJÁLP! Ég er raddlaus á leiðinni í tökur! Er einhver sem þekkir góðhjartaðan hálslækni sem vill bjarga okkur?? :(

20. ágúst kl. 9:35



Gunnar Már Jakobsson

Á hægri hönd = biluð ljósritunarsvél í vinnunni Á vinstri hönd = Paul Allen að lenda ÞYRLUNNI SINNI á þyrlopallinn sinn á sínu eigin skemmtiferðaskipi... Held ég verði að fara að fá góða viðskiptahugmynd bráðum...

21. ágúst kl. 11:05



Jón Ólafsson

Það eru allar líkur á því að Paris Hilton taki lagið með Nýdönsk 22.sept í Hörpunni. Hún mun dvelja þessa helgi á Íslandi við upptökur á nýju tónlistarmyndbandi í Bláa Lóninu og miðað við það sem á undan er gengið í þessu Hollywood-rugli hér í sumar tel ég þetta líklegra en hitt.

19. ágúst kl. 11:17

FEITAST Í BLAÐINU

6 Stíllinn fékk Kolbrúnu

Önnu til að klæða sig upp fyrir nokkur ólík tilefni.



7 Monitor heimsótti nokkra mennt-skælinga sem byrjuðu í skólunum í vikunni.



8 Steinda Jr. finnst frísbíggjull fullkomin íþrótt og hann slakar á með því að spila tölvuleik.



12 Christopher Nolan

virðist hafa sérstakt dálæti á nokkrum leikurum.



Efst í huga Monitor

Sumarið lögsótt

Monitor hefur sett sig í samband við nokkra lögfæðinga til að athuga hvort ekki sé mögulegt að lögsækja sumarið fyrir að líða ólöglega fljótt. Endanleg svör hafa ekki enn borist en Monitor heldur þó áfram að afla sér sönnunargagna.

Nú þegar hafa sex manns samþykkt að bera vitni okkur í hag og segja frá því að þeim líði eins og 17. júní hafi verið í fyrradag. Fjórir knattspyrnuáhugamenn eru enn klæddir í landsliðsbúninga Spánar eða Ítalíu því þeir standa í þeirri meiningu að úrslitaleikurinn sé í kvöld. Þessa menn þurfum við að fá með okkur í lið til að bera vitni.

Þá barst okkur til eyrna sú saga að starfsmaður Keflavíkurflugvallar sé ennþá tilbúinn með myndavél til að fá mynd af sér með Tom Cruise. Það er ekki nema von þar sem það virðist einungis vera korter síðan Tom sjálfur lenti á Klakanum. En vegna blekkingarleikja sumarsins tókst Tom að taka upp heila bíómynd, skilja við konuna sína og kafa í Silfru á þessum 15 mínútum.

Enginn hefur áður höfðað mál gegn sumrinu og því ekki hægt að fara eftir neinu fordæmi í þeim efnum. Þó ætti að vera auðvelt að sannfæra dómstólana með því einfaldlega að benda á að leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu fengu rétt svo að fara heim til sín í sturtu áður en þeir þurftu að mæta aftur á völinn til að hefja nýtt tímabil. Skólakrappar ættu svo að geta komið að góðu gagni enda sumir þeirra ennþá að fagna próflokum og varla farin að huga að því að sækja um sumarvinnu.

Ljóst er að ýmsar leiðir verða reyndar til að koma sumrinu á bak við lás og slá. Þó förum við aldrei fram á langan dóm því sumarið þarf jú að vera klárt í slaginn í maí á næsta ári. En það væri engu að síður hollt fyrir sumarið að læra sína lexíu svo það endurtaki ekki þennan glæp sinn.

Ef allt fer á versta veg þá er alltaf hægt að fara fram á nálgunarbann á haustið.

Ljúfar stundir, Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Stýrmiir Kári Erwinsson (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

**HVERSDAGS**

BUXUR: CHEAP MONDAY
PEYSA: MONKI
BEISLI: TOPSHOP
SKÓR: DR. MARTENS

**UPPÁHALDS**

SKÓRNIR OG JAKKINN ERU Í UPPÁHALDI ÞESSA STUNDINA.
SKÓRNIR HEITA ALEXA OG ERU FRÁ JEFFREY CAMPBELL.
JAKKANN KEYPTI ÉG NÝLEGA Í SPÚÚTNIK
BUXUR: H&M
BOLUR: VINTAGE
ARMBAND: TOPSHOP

Finnst best að vera í kósígírnum

Stíllinn fékk Kolbrúnu Önnu Vignisdóttur í heimsókn þessa vikuna. Kolbrún er tvítug og hefur starfað á Hrafnistu í Kópavogi í sumar. Tíska er Kolbrúnar helsta áhugamál og er hausttíska þá sérstaklega í uppáhaldi hjá henni. Kolbrún klæðir sig hér upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

Hver er Kolbrún Anna Vignisdóttir? Ætli besta lýsingin sé ekki þrjúskur nautnaseggur. Annars er ég tvítug stelpa og bý í Kópavoginum. Helstu áhugamálin mín eru tíska, líkamsrækt, ferðalög, ljósmyndun og fólk. Ég elska að dunda mér og er sennilega örliðið einhverf ef svo má að orði komast. Síðast en ekki síst finnst mér gaman að borða góðan mat, baka og hitta vinkonur mínar.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Hann er rosalega fjölbreyttur að mínu mati. Mér finnst þó best að vera í kósígírnum en þegar ég hef mig til er hann sennilega blanda af rokkuðum, tomboy og classy stíl.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku? Það er mitt helsta áhugamál og ég held úti tiskubloggi ásamt vinkonum mínum (keen-bean.tumblr.com).

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Hér heima versla ég mest í Topshop, Zöru og vintage-búðum. Úti eru það helst Urban Outfitters, H&M og síðan panta ég stundum af Nastygál.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Ég hef alltaf verið hrifnust af hausttískunni. Bæði litirnir og flottar yfirhafnir heilla mig mikið. Síðan getur maður vafið um sig stórum litríkum trefli og flottri húfu.

Hver er kynþokkafyllsti Íslendingurinn? Bjarni Þór Jenson.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir haustið? Vínrauða eða hermanna-græna flík og skó með þykkum botni.

Hver hafa verið þín verstu tiskumistöð? Ætli ég hafi ekki tekið þau út í lok grunnskóla - byrjun menntaskóla. Ég var mjög mikið að spá í því hvað væri í stíl og var oft með sérstakt þema fyrir hvern dag. Ég var alveg með þetta!

Hver er best klædda kona í heimi? Þær eru margar voða flottar, ofarlega eru Olsen-tvíburarnir, Elin Kling og bloggarinn Angelica Blick. Svo finnst mér Anna Delo Russo með djarfan og einstakan fatastíl þó svo að hún eigi það til að ganga skrefinu lengra.

**ÚT Á LÍFIÐ**

KORSELETT: TOPSHOP
PILS: FOREVER 21
JAKKI: VINTAGE ÚR WEEKDAY
BELTI: VINTAGE
SKÓR: TOPSHOP

Hvernig ætlar þú að eyða þínum síðustu sumardögum? Mér sýnist vera lítið sem ekkert sumar eftir, miðað við veður. Ég á þó eftir að fara í eitt stykki brúðkaup í ágúst svo það er eitthvað til að hlakka til.

Hvort myndir þú frekar vilja: vera forseti eða rokkstjarna? Rokkstjarna, þá gæti ég verið í leðurbuxum á hverjum degi.



stíllinn

Lisa Hafliðadóttir
 lisa@monitor.is

SPARI

SKYRTA: ZARA
BOLUR: 2ND DAY BY BIRGER ET MIKKELSEN
STUTTBOXUR: H&M TREND
JAKKI: TOPSHOP
SKÓR: JEFFREY CAMPBELL
VESKI: MONKI





Bekkurinn eins fjölskylda

ARNA JÓNSDÓTTIR

Skóli: Ég er á 3. ári í Verzlunarskóla Íslands, viðskiptabraut.

Ferðamáti í skóla: Ég vildi ég gæti verið svöl og sagt hjól eða strætó en bíll er minn ferðamáti, því miður.

Það skemmtilegasta við skólabyrjunina er: Að hitta bekkinn, án efa. Það er líka alltaf stemming í fyrsta hafragrautnum sem er gefinn í korterinu, þá knúsar maður vinina eftir langa fjarveru. Skólinn byrjar samt ekki alveg fyrr en busaballið er búið.

Það leiðinlegasta er: Að venjast því að þurfa að vakna og mæta á réttum tíma.

Kostirnir við skólann minn: Það er svo margt. Félagslífið er frábært, bóllin skemmtileg, æðislegir kennarar og það er alltaf góð stemming í Verzló.

Skemmtilegasta fagið: Íþróttir, það myndast mikill rígur milli bekkja og alltaf mikil stemming. Annars eru bókfærslutímarnir hjá Tomma Bergs í upphaldi.

Í skólanum hangi ég mest: Í heimastofunni minni. Það er bekkjarkerfi í Verzló og bekkurinn er eins og fjölskylda. Annars er líka vinsælt að hanga á Marmaranum.

Lagið sem verður blastað í fyrstu partíunum: Lögin sem strákarnir í 12:00 gefa út verða alltaf vinsæl Verzló-partí-lög.

Besti bitinn í grennd við skólann: Serrano er í miklu upphaldi. Annars eru konurnar í Matbúð, veitingastaðnum í skólanum, æðislegar og gera virkilega góðan mat. Bullan er líka vinsæl daginn eftir ball.

Ráð til nýnema: Taka þátt í öllu því sem þau geta og nýta þessi skemmtilegu ár í Verzló, þau líða alltof hratt.



Casa meira kósí en strætó

BIRNIR JÓN SIGURÐSSON

Skóli: Ég er í 6. bekk MR (4. ári) á málabraut.

Ferðamáti í skóla: Ég tek strætó, sem er víst skemmtilegur, kósí og sexí.

Það skemmtilegasta við skólabyrjunina er: Það er rosa klisjukennt að segjast hlakka til að hitta vini sína. Fyrir utan það þá verður gaman að sjá þessa hræddu busa læðast um gangana.

Það leiðinlegasta er: Þetta vakn.

Kostirnir við skólann minn:

Félagslífið í MR er ótrúlega óflugt, það er bókstaflega alltaf eitthvað að gerast, tónleikar í Cösu, ræðukeppni, borðadanskeppni, dvergakast og svo framvegis.

Skemmtilegasta fagið: Ég bind miklar vonir við valáfangann leikhúslíf, en annars er oft stuð í ensku hjá Hilmarí.

Í skólanum hangi ég mest: Í Cösukjallarunum sem á víst að heita matsalur, hann er samt lítið annað en sófar, nokkur borð og Kakóland. Casa er rosa kósí, annað en strætó.

Lagið sem verður blastað í fyrstu partíunum: Persónulega vonast ég eftir því að Gangnam Style með suður-kóreska rapparanum Psy verði í blöstinu. Annars er alltaf gaman að taka nokkur rassaköst við Too Late með Þórunni Antóníu.

Besti bitinn í grennd við skólann: Árni pulsa verður ekki sáttur við að ég segi að Deli sé bestur. Síðan var reyndar fáránlega gott hádegis tilbóð á Ítalíu í fyrra.

Ráð til nýnema: Menntaskóli er gaman, hafið gaman.

NEMA HVAD?

Monitor heyrði í fjórum hressum og flottum menntskælingum í blábyrjun skólaársins.



Hangir mest í pylsuröðinni

HREFNA BJÖRG GYLFAÐÓTTIR

Nafn: Hrefna Björg Gylfadóttir
Skóli: Á 2. ári á náttúrufræðibraut í MH.

Ferðamáti í skóla: Ætla að reyna að hjóla sem mest, annars tek ég strætó eða fæ far með mömmu.

Það skemmtilegasta við skólabyrjunina er: Að hitta alla vini mína og að sjá nýnema. Líka að læra að diffra.

Það leiðinlegasta er: Að þurfa að gera dauðaleit í bókabúðum eða skiptibókamörkuðum að réttu bókunum.

Kostirnir við skólann minn: MH er alveg frábær skóli. Allir eru þeir sjálfir og maður er alltaf að kynna nýju, spennandi og hæfileikaríku fólk. Það er líka alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi.

Skemmtilegasta fagið: Jarðfræði.

Í skólanum hangi ég mest: Í pylsuröðinni á Matgarði.

Lagið sem verður blastað í fyrstu partíunum: Countdown með Beyoncé, „every hipsters fav“.

Besti bitinn í grennd við skólann: Besti bitinn er í skólanum. Miðvikudagar eru pylsudagar. Svo eru líka ostaslaufurnar sehr gut.

Ráð til nýnema: Hafa gaman af busaárinu því það er svo ótrúlega gaman að upplifa allt í fyrsta skipti. Busabene, leiðarvísir nýnema frá ritstjórn, skal alltaf hafa sér við hönd.



Bannað að vera á skóm

GARÐAR SVANSSON

Skóli: 4. árs nemi við Menntaskólann í Kópavogi á viðskipta- og hagfræðibraut.

Ferðamáti: Ég ferðast um á bíl í skólann.

Það skemmtilegasta við skólabyrjunina er: Það er alltaf eitthvað þægilegt við að koma úr sumarvinnunni, fara aftur í skólann, hitta alla og byrja þessa vetrar-rútinu.

Það leiðinlegasta er: Reglan um að það sé bannað að vera á skónum inni.

Kostirnir við skólann minn: Tölvunotkun við allt nám hentar mér einkar vel.

Skemmtilegasta fagið: Viðskiptafög undir stjórn Þóris Bergssonar geta ekki orðið leiðinleg.

Í skólanum hangi ég mest: Ég hangi mest í hinum svokallaða Ormi en það er sófi í MK.

Lagið sem verður blastað í fyrstu partíunum: Eftir rosalega Watch the Throne-tónleika með Jay-Z og Kanye í sumar verður ég segja Niggas in Paris með þeim félögum en þeir bjuggu til ágætisstemningu í Ósló.

Besti bitinn í grennd við skólann: Ég held að ég verði að gefa Serrano þennan titil.

Ráð til nýnema: Taka þátt í félagslífinu og njóta skemmtilegustu ára lífs þíns til fulls.

Þér má aldrei líða of vel

„23. ágúst er hreinlega bara stór dagur fyrir íslenska grínunnendur,“ segir **Steindi Jr.** sem er ekki í nokkrum vafa um að þriðja og síðasta sería Steindans okkar verði sú fyndnasta til þessa.

Eftir seríuna ætla ég í frí með kærustunni minni og fjölskyldu og þar ætla ég dálítið að tæma hugann og endurræsa mig. Nú er Steindinn okkar búinn og ég þarf að byrja svolítið upp á nýtt,“ segir Steindi Jr. en þriðja og síðasta þáttaröð Steindans okkar hefur göngu sína í sjónvarpi í kvöld.

Bládamaður Monitor settist niður með Steinda og fór yfir væntingarnar til Steindans okkar, ást hans á frísbíggj og helstu slökunaráferð grínistans, svo eitthvað sé nefnt.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmir@mbi.is

Um síðastliðna helgi fór Reykjavíkumaraþonið fram með pompi og prakt. Sá ég þig ekki hlaupa heilt maraþon?

Nei, því miður. Ég hleyp ekki. Ég tók þá ákvörðun þegar ég hætti í fótbolta á unglingsárunum að hlaupa aldrei aftur og hef voðalega lítið hlaupið síðan. Mitt framlag til þessa maraþons var að heita á fólk. Ég var mjög duglegur við það og styrkti nokkur góð málefni sem félagar mínir voru að hlaupa fyrir.

Fékkst þú alls kyns menningu beint í æð á Menningarnótt?

Nei, ég fékk eiginlega bara enga menningu í æð, ég fékk eiginlega bara leiðindi. Ég komst ekkert í bæinn, var eiginlega bara upptekinn allan daginn við að taka upp Steindann okkar. Annars hef ég rosalega gaman af Menningarnótt. Ég man alltaf eftir því að eitt af mínum fyrstu fylleríum var einmitt á Menningarnótt. Ég bý náttúrulega í Mosó svo mamma vinar míns kom að sækja okkur og ég átti virkilega erfitt með að fela hvað ég var fullur svo ég laug því að ég hefði borðað skemmda pítsu í bænum en ældi síðan í bílinn. Ég þurfti svo að þrífa bílinn sjálfur daginn eftir.

Nú er þriðja þáttaröðin af Steindanum okkar að fara í loftið. Ert þú bara óstöðvandi í sketsaskrifum?

Við höfum að minnsta kosti verið „on fire“ að undanförmu. Það er svo fyndið, með flesta er það þannig að með árunum fer metnaðurinn að hverfa en hjá okkur er það eiginlega öfugt. Við höfum unnið dag og nótt í nánast eitt ár við að skrifa og taka upp þessa seríu og ég held að það muni klárlega komast til skila. Fimmtudagurinn 23. ágúst er hreinlega bara stór dagur fyrir íslenska grínunnendur. Skál, „jokers“!

Þú ert ekkert hræddur við þessu stóru orð.

Nei, eiginlega ekki. Við gerum hvort eð er aldrei neitt sem er alveg öruggt. Við höfum tekið miklar áhættur hingað til í fyrri seríunum okkar og gerum það áfram núna. Við erum alltaf að taka einhver skref til að staðna ekki. Við stígum út fyrir þægindahringinn enda er það nauðsynlegt, þér má aldrei líða of vel með það sem þú ert að gera.

Það er dálítið merkilegt þegar menn eru í viðtölum tengdum einhverjum þáttaröðum sem þeir eru að gefa út og eru alltaf að afsaka þættina, segja eitthvað svona: „Serían byrjar svolítið rólega og fólk þarf að kynnst persónunum fyrst áður en þeir fara að verða skemmtilegir og bla bla,“ svona til að halda aftur af væntingunum. Við gerum það ekki, við viljum að fólk verði með miklar væntingar þegar það horfir á þáttinn.

Í síðustu seríum hafa verið nokkur lög sem hafa fallið ansi vel í kramið hjá landanum. Má búast við einhverjum slagara úr þessari þáttaröð?

Já, ég gæti alveg trúað að það séu einhverjir stórslagarar þarna. Fyrst og fremst erum við náttúrulega alltaf bara að gera grín fyrir sjónvarp, en ef löggin virka líka vel í öðrum miðlum, eins og útvarpi, og slá jafnvel í gegn á því sviði þá er það bara plús.

Frísbíggj er eiginlega það besta sem hefur komið fyrir mig lengi. Frísbíggj er í rauninni bara nákvæmlega eins íþrótt og golf nema þú þarft ekki að vera klæddur eins og fáviti.

Þú ert vanur að fá helling af frægu fólki til að leika í sketsunum þínum. Reyndir þú ekkert að stökkva á Tom Cruise, Ben Stiller, Emma Watson og Russell Crowe og allt þetta heimsfræga lið sem er búið að dvelja hérna í sumar til að gera eitthvað með þér?

Það kom svo sem upp á borðið hjá okkur að athuga hvort við gætum nýtt okkur það eitthvað en við ákváðum reyna ekki á það. Okkur fannst það ekki passa. Við höfum alltaf reynt að finna þann sem okkur finnst hæfa hverju hlutverki best, en ekki bara einhvern „random celeb“ og skella viðkomandi í búning. En það skemmir ekki fyrir að hafa þekkt andlit á skjánum.

Sýningum á Evrópska draumnum, þar sem þið Auddi töpuðuð fyrir Pétri og Sveppa, lauk nýverið. Hvernig hafa þessi úrslit farið með þig?

Við vorum mjög sárir eftir tapið en bara í smástund.

Þetta var náttúrulega búin að vera rosalega mikil keyrsla svo við vorum alveg búnir á því þegar við komum í mark og fréttum að við hefðum tapað kapphlaupinu. Við vorum sem sagt þrettán stigum yfir fyrir þetta lokakapphlaup, sem gaf fimmtán stig, svo Pétur og Sveppi höfðu okkur með því að vinna það. Það var sem sagt alveg grautfúllt að tapa enda vorum vorum við líka búnir að leggja alveg helling á okkur, ég var til dæmis búinn að fara í fallhlíf-arstökk og ég er loft- og flughræddasti maður í heimi. Hins vegar endaði þetta náttúrulega á föstudagskvöldi í Amsterdam svo það var eiginlega ekki hægt að vera fúll lengi. Ég heimta „rematch“.

Hvernig gekk samstarfið ykkar Audda?

Mjög vel en ég held að það hafi reyndar reynt miklu



ÞETTA EÐA HITT?

Hamborgari eða pylsa? Pylsa og mikið remó, það gerir pulluna.

Call of Duty eða FIFA? Auðvitað Call of Duty, get farið í fótbolta hvenær sem er.

Bíómyndir eða þættir? Þættir.

Twitter eða Facebook? Twitter, annars er Instagram algjör „nicer“.

Ef þú yrðir að velja annað hvort, hvort myndir þú frekar húðflúra Playboy-kanínu á ennið á þér eða setja nektarmyndband með þér á netið? Ég myndi setja nektarmyndband á netið og reyna að standa mig vel.



Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Kaupmannahöfn við tökur á þriðju seríu af Steindanum okkar. Það var ein af mínum bestu utanlandsferðum.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Tapasbarinn, sem er jafnframt minn uppáhaldsstaður. Ég er mjög ánægður með þessa smárétti.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég fór á The Watch í bíó í gær. Hún var bara fín, algjör popp- og kók-mynd.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég keypti mér þessar buxur sem ég er í. Það var í rauninni mjög stórt skref fyrir mig því ég nenni aldrei að kaupa mér fót. Þegar ég fer í búðir liður mér eins og Michael Douglas í Falling Down.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Ég man það ekki, það getur ekki verið gott.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Við kærustuna mína, fyrir að taka til.



viðtalið

meira á hann heldur en mig nokkurn tímann. Að ferðast með mér er eins og að ferðast með John Candy í Planes, Trains & Automobiles. Ég er stórreykingamaður, hrýtt mikið og læt alltaf bíða eftir mér og svona. Þetta var fjögurra manna teymi sem ferðaðist saman, sem sagt við Auði ásamt tókumönnunum tveimur og menn skiptust alltaf á að vera með mér í herbergi og næturnar gátu verið erfiðar. Einu sinni svaf Lúlli tókumaður með eyrnatappa, heyrnartól og með tónlist í gangi í eyrunum en samt gat hann ekki sofð fyrir mér. Ég vaknaði svona fimm eða sex sinnum um miðja nótt í Rúmeníu við það að Lúlli var að berja mig með kodda í andlitið.

Í þáttunum er alltaf eintóm gleði hjá ykkur. Er ekki lúmskt erfitt að vera á svona löngu ferðalagi, vita í raun aldrei hver næsti áfangastaður er og svo framvegis og þurfa samt alltaf að reyna að vera eins hress og mögulegt er fyrir framan tókuvél?

Ég var með grófa hugmynd út í hvað ég var að fara en það er líka lyklatríði að stemningin sé góð í hópnum, þá gengur allt miklu betur fyrir sig. Ég hef alltaf haft það sem reglu númer eitt, tvö og þrjú þegar ég bý til sjónvarp að stemningin í kringum verkefnið, til dæmis á setti, verði að vera góð. Mórallinn skiptir öllu máli því það sést í sjónvarpinu ef mórallinn er vondur. Ég hef verið svo heppinn að vinna efni eins og Drauminn og Steindann okkar með góðum vinum mínum. Fyrir vikni var mórallinn æðislegur og allir mjög sáttir.

Er það rétt hjá mér að þér finnist frísbíggjolf eða folf eins konar fullkomnun íþróttanna?

Já, ég myndi segja að þetta væri gjörsamlega fullkomin íþrótt. Frísbíggjolf er eiginlega það besta sem hefur komið fyrir mig lengi. Frísbíggjolf er í rauninni bara nákvæmlega eins íþrótt og golf nema þú þarft ekki að vera klæddur eins og fáviti. Ég er kominn með frísbíggjolsku og sjö frísbíggjolska og allt. Það besta við töskuna er líka að þú getur geymt helling af bjór í henni, það má

sem sagt drekka bjór í frísbíggjolfi. Ég skil eiginlega ekki íþróttir sem þú mátt ekki drekka bjór í.

Hvernig kviknaði áhugi þinn á þessari íþrótt?

Ég kynntist henni hjá félagi mínum í Danmörku sem er kallaður Kallinn. Um leið og ég kom heim þaðan fór ég sem sagt í að grafa upp hvar ég gæti keypt diska. Þannig kynntist ég helling af skemmtilegum karakterum í þessu og ég myndi halda að það væru svona um 140 manns sem stunda frísbíggjolf á Íslandi. Það er alveg sama á hvaða tíma þú ferð á Klambartún, það er alltaf einhver á velli þar.

Síðan er ég í Liger Woods, það er krúíð mitt í þessu sporti. Í því eru mjög góðir menn, til dæmis Bent, rapparamir Sjöberg og Diddi Fel og Haukur Harðar íþróttafréttamaður. Við ætlum að taka þátt í frísbíggjolti 25. ágúst og við erum á fullu að undirbúa okkur fyrir það.

Róar þú taugarnar með því að taka einn hring af frísbíggjolfi?

Til að slaka á spila ég Call of Duty á PlayStation 3. Ég fer heim til mín eftir langan tókudag, set á mig þráðlaus heyrnartól sem ég er með alveg í botni og spila Call of Duty í svona klukkutíma til að gíra mig niður. Ég fer aldrei í nudd eða gufu, ég spila COD.

Eins og þú segir verður þessi nýja sería af Steindanum okkar sú síðasta. Hvað tekur við hjá þér í þessum efnum?

Ég er náttúrulega langt frá því að vera saddur en það væri gaman að prófa eitthvert annað grínform. Núna erum við búnir að gera hátt í 300-400 sketsa á síðustu þremur árum og það væri gaman að prófa eitthvað nýtt. Ég held samt að ég sé örugglega ekki hættur að gera sketsa fyrir fullt og allt.

Ert þú þá að tala um leikna þætti með söguþræði, kvikmynd, útvarp eða eitthvað slíkt?

Það verður að fá að koma í ljós, það er fullt af hugmyndum á teiknaborðinu. Eftir seríuna ætla ég í frí með kærustunni minni og fjölskyldu og þar ætla ég dálítið að tæma hugann og endurræsa mig. Nú er Steindinn okkar búinn og ég þarf að byrja svolítið upp á nýtt.

Hvað sérð þú þig vera að gera eftir tuttugu ár?

Þá verð ég náttúrulega orðinn Íslandsmeistari í frísbíggjolfi, heimsmeistari í COD, með góða heilsu og búinn að takast á við fullt af nýjum hlutum.



SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:

Out For Justice.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:

Silence of the Hams.

Myndin sem ég væli yfir: The Pest.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Billy Madison.

Versta myndin sem ég hef séð: Flugæðlumyndir.



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina:

Stíg á kreik með Gísla Pálma.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:

Týnda kynslóðin með Bjartmari.

Lagið sem ég fíla í laumi:

Argentína með Ingó og Veðurguðunum.

Lagið sem ég syng í karóki:

Tubthumping (I Get Knocked Down) með hljómsveitinni

Chumbawamba, lagið frá HM '98 í fótbolta.

Nostalgiulagið: Shame on a Nigga með Wu-Tang.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Saltkjöt með hvítri.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:

Kenny (KFC) en lítið af hvítu sósunni.


Versti matur sem ég hef smakkað: Sardinur.

Líkamsræktin mín: Er ekki til.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum:

Þegar ég varð Faxaflóameistari með UMFA.

■ ■ Núna erum við búnir að gera hátt í 300-400 sketsa á síðustu þremur árum og það væri gaman að prófa eitthvað nýtt.



frábært verð á **DELL** skólatölvum

Nú er Dell komið í Hátækni!

Nú hefur Hátækni hafið sölu á hágæðatölvunum frá Dell. Byrjaðu í Hátækni, veldu tölvu sem hentar markmiðum þínum og taktu Dell með þér út í lífið.

Þú ræður ferðinni með Dell.

VAXTALAUST LÁN*
15.865 kr. á mán.
í 12 mánuði

VAXTALAUST LÁN*
11.552 kr. á mán.
í 12 mánuði

VAXTALAUST LÁN*
15.865 kr. á mán.
í 12 mánuði



Dell Inspiron 15 (N5050) 15"

Áreiðanleg og góð fartölva í skólann eða á heimilið. Búin 2,4GHz Intel i3 örgjörva, 4GB í vinnsluminni og 500GB hörðum disk. 15,6" HD WLED skjár og innbyggður minnskortalesari.

129.995 kr.

Dell Inspiron 14z Ultrabook 14"

Nett og létt 14" HD WLED Ultrabook með geisladrifi. Öflugur Intel i3 örgjörvi, 4GB í vinnsluminni og 128GB SSD geymslumiðli sem hentar vel fyrir þá sem eru mikið á ferðinni. Búin MaxxAudio3 hljóðkerfi, frábærri rafhlöðuendingu og vegur 1,87kg.

179.995 kr.

Dell Inspiron 15R (5520) 15"

Öflug og afkastamikil 15,6" HD WLED fartölva búinn Ivy Bridge tækni, nýjustu kynslóð Intel i5-3210M 3GEN örgjörva ásamt sjálfstæðu 1GB skjákorti. 4GB í vinnsluminni, 1TB harður diskur og frábært hljóðkerfi.

179.995 kr.



Fylgir öllum Dell-tölvum

Hjá Hátækni eru allar Dell fartölvur afhentar með uppsettu stýrikerfi, virkri Trend Micro Titanium vírusvörn og 10GB gagnageymslu á netinu. Virðisauki að andvirði

12.995 kr.

* Verð innifelur í lántökugjald og greiðslugjald.



Advania valdi traustan og öflugan sölu aðila fyrir Dell-tölvur. Hátækni selur Dell.

Facebook-leikur Hátækni

Hvert er þitt markmið?

Veldu Dell tölvu sem hjálpar þér að ná markmiðinu.

VINNINGUR

Dell Inspiron 14z 5423
að verðmæti
179.995



Hátækni

Ármúla 26 • 522 3000 • www.hataekni.is
Opíð: Virka daga 9.30-18

Blessuð sé minning
Tony Scott



HVER SLY-R HENDINNI
Á MÓTI SVONA MYND?

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

The Expendables 2

Þegar einföld aðgerð málaliðanna breytist í algjöra martröð ákveða þeir að taka til sinna ráða og ganga á milli bols og höfuðs á óvinum sínum.

Herra Church kallar málaliðahópinn saman á ný og í þetta skipti til að framkvæma frekar einfalda

Leikstjóri: Simon West.

Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Bruce Willis, Dolph Lundgren, Jean-Claude Van Damme, Sylvester Stallone, Jason Statham, Jet Li, Terry Crews og Chuck Norris.

Lengd: 102 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.

Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárábíó og Borgarábíó.

aðgerð á óvinasvæði. En aðgerðin fer úrskeiðis þegar málaliðarnir mæta óvæntri mótspyrnu sem leiðir til þess að einn þeirra deyr. Þar með geta félagar hans ekki snúið til baka fyrr en þeir hafa hefnt hins fallna félaga síns og upprætt þá sem drápu hann.



Monitor ætlar að gefa miða á The Expendables, fylgstu með ...
[facebook.com/monitorbladi](https://www.facebook.com/monitorbladi)

VILTU VINNA MIÐA?

KVIKMYND

Peningasóun

Douglas Quaid (Colin Farrell) er ungur og frekar venjulegur maður í mjög svo óspennandi starfi. Hann skellir sér í svokallað Rekall sem á að hjálpa honum að gera lífið ögn skemmtilegra. Eftir það má segja að allt fari í háa loft enda kemur í ljós að hann er þrautþjálfaður andskoti sem getur drepíð með augnaráðinu. Total Recall er endurgerð myndar frá árinu 1990 sem skartaði tröllinu Arnold Schwarzenegger. Sú mynd var ekkert meistarastykki en hún var miklu betri en þessi dæla. Í fyrsta lagi fer myndin ágætlega af stað og var ég spenntur vel fram í miðja mynd. Hún gefur hins vegar mjög eftir þegar líða tekur á og var ég farin að geispa þegar myndin loks kláraðist. Það er ótrúlega lélegt að geta ekki komið með áhugaverðari og skemmtilegri mynd en þetta því ekki vantaði peningana í framleiðsluna. Allar tæknibrellur eru flottar og það vantar ekkert upp á það en öllu öðru var ábótavant svo ekki sé meira sagt.



hann mjög óspennandi leik. Hann er orðinn eitthvað voðalega litlaus leikari því hann lofaði góðu eftir að hafa slegið í gegn í Minority Report. Honum til halds og trausts eru Jessica Biel og Kate Beckinsale. Þær bæta í raun engu við annars leiðinlega mynd. Ég skil hreinlega ekki tilganginn með þessari endurgerð því ef það á að endurgera kvikmynd þá gerir maður þá kröfu að þær komi með eitthvað nýtt og skemmtilegt. Hér er engin ferskleiki heldur bara sama þurra og flata spennumyndin sem kemur ekkert á óvart og skilur ekkert eftir sig nema mínus í heimabankann.


Farrell í tilvistarkreppu
Colin Farrell leikur aðalhlutverkið að þessu sinni og sýnir

TOTAL RECALL



TÓMAS LEIFSSON

MMMMM



MICHAEL CAINE

Fæddur: 14. mars 1933.

Hlutverk:

Alfred í Batman Begins (2005)
Cutter í The Prestige (2006)
Alfred í The Dark Knight (2008)
Miles í Inception (2010)
Alfred í The Dark Knight Rises (2012)



ELFRED



KEN WATANABE

Fæddur: 21. október 1959.

Hlutverk:

Ra's Al Ghul í Batman Begins (2005)
Saito í Inception (2010)



AL GHUL

JOGER

ferskur jógúrtis

Njóttu gæðanna og bragðsins og kældu þig niður í leiðinni með hollustu. Joger - hollur og góður og fæst víða.. Prófuðu bara!

62
kcal

0%
sýrlugar
súkur

minna en
1%
fita

Joger Kringlunni · Joger Smáralind · Joger Borgartúni

Joger Akureyri · Joger Selfossi

Heldur sig við það sem virkar

Leikstjórinn **Christopher Nolan** virðist eiga nokkra leikara í uppáhaldi sem hann hefur reitt sig á í sínum stærstu verkefnum.

MYNDIR Í LEIKSTJÓRN NOLAN:



BATMAN

CHRISTIAN BALE
 Fæddur: 30. janúar 1974.
 Hlutverk:
 Bruce Wayne (Batman) í Batman Begins (2005)
 Alfred Borden í The Prestige (2006)
 Bruce Wayne (Batman) í The Dark Knight (2008)
 Bruce Wayne (Batman) í The Dark Knight Rises (2012)

CHRISTOPHER NOLAN
 Fæddur: 30. júlí 1970
 Menntun: BA-próf í enskum bókmenntum

Í heimi kvikmyndastjarnanna þekktist það vel að leikstjórar eigi sér uppáhaldsleikara sem fara trekk í trekk með hlutverk í myndum þeirra. Auðsjáanleg dæmi um slíkt eru allar Tim Burton-myndirnar sem Johnny Depp hefur leikið í og allar myndir Martins Scorsese sem skarta Robert DeNiro í aðalhlutverki. Leikstjóri Batman-þrileiksins, Christopher Nolan, virðist hafa þróað með sér dálæti á ákveðnum leikurum sem Monitor safnaði saman.

MIRANDA

MARILLION COTILLARD
 Fædd: 30. september 1975.
 Hlutverk:
 Mal í Inception (2010)
 Miranda í Dark Knight Rises (2012)

JOSEPH GORDON-LEVITT
 Fæddur: 17. febrúar 1981.
 Hlutverk:
 Arthur í Inception (2010)
 Blake í The Dark Knight Rises (2012)

BLAKE

TOM HARDY
 Fæddur: 15. september 1977.
 Hlutverk:
 Eames í Inception (2010)
 Bane í Dark Knight Rises (2012)

BANE

CILLIAN MURPHY
 Fæddur: 25. maí 1976.
 Hlutverk:
 Dr. Jonathan Crane (Scarecrow) í Batman Begins (2005)
 Dr. Jonathan Crane (Scarecrow) í The Dark Knight (2008)
 Robert Fischer í Inception (2010)
 Dr. Jonathan Crane (Scarecrow) í The Dark Knight Rises (2012)

SCARECROW

Augnlitir
 Breyttu um augnlit
 Úrvalið er hjá okkur!

MesmerEyez

Skoðuðu okkar frábæra úrval af augnlitum og hárskoli á:

www.hokuspokus.is

StarGazer™

Nú fæst Stargazer hárskol og MesmerEyez augnlitir einnig í Ice in a bucket!

Ice in a bucket®

HOKUS POKUS

Laugavegi 69 - Sími 551-7955
www.hokuspokus.is



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Jóhannes Haukur Jóhannesson.
Á forsíðu: 16. júní 2011.
Fyrirsögn viðtals: Nítján ára í líkamlegu formi þrítugs manns.

Síðan ég var á forsíðu Monitor hefur líf mitt tekið stakkaskiptum. Það hefur allt gengið svo vel og ég hugsa að ég eigi forsíðunni það að þakka. Ég er gríðarlega ánægður með þær viðtökur sem kvikmyndin Svartur á leik fékk. Að fá yfir 60.000 manns á þessa litlu mynd okkar var framar björtustu vonum. Í sumar lék ég lítið hlutverk í Hollywood-myndinni, Noah, sem Darren Aronofsky leikstýrir. Ég fékk að hitta Anthony Hopkins sem kynnti sig sem Tony við mig. Nú er sá draumur búinn í bili og við tekur ískaldur íslenskur raunveruleikinn. Ég mæti bara í Þjóðleikhúsið á mánudaginn og tek endaspjettinn á Dýrunum í Hálsaskógi þar sem ég leik Mikka ref. Í september snúum við svo aftur með sýninguna Alvöru menn. Svo bíða mín sýningarnar Tveggja þjónn, Macbeth og Englar alheimsins. Þannig að maður liggur í miklum lestri og undirbúningi fyrir öll þessi skemmtilegu verkefni sem framundan eru.



LOL-MAIL MONITOR

Hæ, hæ.

Hrafnhildur, 6 ára frænka mín, er alltaf að segja mér brandara. Hún sagði mér þennan um daginn:

Það var einu sinni kona sem fæddi barn sem var bara haus. Svo átti hausinn 16 ára afmæli og pabbi hans kom með þakka til hans. Þá sagði hausinn: „Ohh. Plís, plís, ég vona að þetta sé ekki enn annar hatturinn!!“

Já, ég veit að það verður erfitt að toppa þennan brandara en ég skora á Arnór Pálma leikstjóra Hæ Gosa-þáttanna til að koma með næsta brandara.

Bless bless, elsku Monitor.
 Kv. Anna Svava

LOKAPRÓFIÐ

23. ágúst 2012 | MONITOR skólinn

My name is Gary Martin

You know who I am because I sometimes put the ball in the back of the net

Last Saturday, I was in the starting line-up for KR in the Cup-final and I

- a) scored KR's first goal
- b) had an awful game**
- c) thought the whole game: „Damn, I'm too good for this“
- d) thought: „I'm gonna score so the ladies will call me after the game“
- e) But after the game I slept with my winners medal (Sorry Mark)

My favorite teammate in KR is

- a) Atli Sigurjónsson**
- b) Haukur Heiðar Hauksson
- c) Þorsteinn Már Ragnarsson
- d) Emil Atlason
- e) because he loves my company

The most beautiful girls in Iceland

- a) are those in KR
- b) are the ones I meet downtown on weekends
- c) are the ones that immigrated from England
- d) Michelle Keegan if she ever came**
- e) but the most beautiful woman on Earth is Michelle Keegan

If I could play for any team in the world I would play for Real Madrid but realistically my goal is to play for any team that wants me

- All I eat is
- a) metabolism tablets.**
 - b) fish and chips.
 - c) chicken.
 - d) if she ever came

My autograph looks like this: [Signature] #17

If I wasn't Gary John Martin I would want to be

- a) Dean Martin, the entertainer
- b) Gary Lineker, football legend
- c) Gary Oldman, the actor
- d) Martin Scorsese, the film director
- e) Ari Gold**

because he is the king of TV

There is only one song that I can listen to and that is

- a) Smells Like Teen Spirit with Nirvana
- b) California Love with 2Pac
- c) Heatwave with Wiley**
- d) Yellow Submarine with the Beatles
- e) and that is simply because the song is one of them songs that never gets old

I have 2 tattoos on my body and the ones I love the most at the moment are wings, and family is everything

What people don't know about me is that I hate to need the ball

I have 2 Facebook accounts because icelandic people I don't know add me

In a movie about my life I would get Ari Gold to portray me, but it would probably be someone terrible that would end up doing it.

The last text message I got was from Atli Sig and it said: Are you ok my love (he is strange)

If I could write one Facebook-status that the whole world would see, I'd write: I caught Atli Sig doing strange things with his hands



VEL GERT

Arnar Pétursson

Það fór sjálfsagt ekki fram hjá neinum að Reykjavíkumaraþonið fór fram í blíðskaparveðri síðastliðinn laugar- dag. Margir hlauparar stóðu sig með stakri þryði en Monitor vill sérstaklega taka hatt sinn ofan fyrir Arnari Péturssyni sem vann maraþonið annað árið í röð eftir rosalegan endaspjett. Ef fram heldur sem horfir þá gæti Arnari sett stefnuna á Ólympíuleikana í Rio árið 2016 og veitt Kára Steini jákvæða samkeppni.



FANNAR SVEINS

ÉG HEF ALDREI

- 1 ...farið til Asíu en ef ég færi þá myndi ég fara til Suður-Kóreu.
- 2 ...borðað rúsínur því þær líta út eins og kramin dauð vinber.
- 3 ...verið handtekin af yfirvöldum og dreginn fyrir dómstóla.
- 4 ...borgað skatt eða skil að af mér virðisauka og á fyrir vikið fullt af pening sem ég get notað.
- 5 ...náð að hlaupa hundrað metrana undir 11 sekúndum og mun örugglega aldrei ná því.
- 6 ...fundið fyrir sektar- kennd þegar ég er að stríða öðrum, nema í örfáum tilvikum.
- 7 ...þurft að passa lifandi húsdýr í meira en þrjá daga.
- 8 ...pantað pítsu með fleiri en 3 áleggsgögnum.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Valborg Ólafsdóttir, söngkona The Lovely Lion, fílar:

KVIKMYND: Ætli það sé ekki Ghost Rider með Nicolas Cage? Hvernig hann breytist úr venjulegum manni yfir í beinagrind finnast mér óstjórnlega töff. Ég hef hinsvegar rekið mig á það að enginn er sammála mér um þessa mynd.


ÞÁTTUR: Mér finnst frábært að detta inn í heiladautt raunveruleikasjónvarp eins og American Idol og So You Think You Can Dance og gráta svo duglega með þegar hver einasti keppandi dettur út.

BÓK: Mínar uppáhaldsbækur eru Disney-bækurnar sem ég las alltaf þegar ég var lítil. Það er fátt betra en að vekja barnið innra með sér og láta hugann reika um hvernig væri að vera prinsessa í álögum.



PLATA: Nýjasta plata Bon Iver er mikið í spilun þessa dagana, Sigh No More með Mumford and Sons er einnig í miklu uppáhaldi hjá mér sem og platan Two Suns með Bat for Lashes.

VEFSÍÐA: Ég nota netið mjög lítið í mínu daglega lífi, en kíki stundum inn á g-maillið mitt. Gífurlega spennandi ekki satt?



STAÐUR: Það mun vera Skálakot undir Eyjafjöllum og svæðið þar í kring. Það er fátt betra en að komast í fallega náttúru og getað samið tónlist í frið og ró. Staður í miklu uppáhaldi hjá mér.



TRYGGÐARPAKKINN FYLGIR FRÍTT MEÐ

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM FYRIR 5. SEPTEMBER OG FÁÐU RISAVAXINN
TRYGGÐARPAKKA SKJÁSEINS FRÍTT MEÐ, AÐ ÓGLEYMDU SKJÁFRELSI, NETFRELSI OG
SKJÁEINUM Í HÁSKERPU.* ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 4.290 KR. Á MÁNUÐI.

EKKI MISSA
AF NEINU

4.290

kr. á mán.

*SKJÁREINN FER Í HÁSKERPU Í SEPTEMBER.

TRYGGÐARPAKKI SKJÁSEINS

Gildistími Tryggðarpakkans er frá 1. sept. – 1. feb.

5 ERLENDAR STÖÐVAR

BBC Entertainment, MGM, E!, JimJam og Baby TV.

2 BÍÓMIÐAR

2 VOD-MYNDIR*

2 bíómyndir að eigin vali
í SKJÁBÍÓ

HEIMUR Í
HÁSKERPU

GILDIR TIL
5. SEPT.

BBC
entertainment



*Aðeins fyrir notendur SKJÁSBÍÓS

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM TRYGGÐARPAKKANN Á SKJARINN.IS

**DRÖGUM ÚT STÓRGLÆSILEGA VINNINGA
MÁNAÐARLEGA ÚR HÓPI ÁSKRIFENDA
SKJÁSEINS. FLUGFERÐIR, SAMSUNG
SNJALLSÍMAR OG PLAYSTATION-TÖLVUR**


DREGIÐ VERÐUR FYRSTA FÖSTUDAG Í MÁNUÐI Í BEINNI
ÚTSENDINGU Á K100 – ÚT TRYGGÐARTÍMABILÍÐ.



GALAXY S III

SKJARINN Í HÁSKERPU

Skjárinn er leiðandi í HD-væðingu íslenskra heimila. SKJÁREINN fer í háskerpu í september. SKJÁRGOLF og SKJÁRHEIMUR sömuleiðis. Njóttu betri myndgæða.



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 595 6000,
INFO@SKJARINN.IS EÐA Á SKJARINN.IS



SKJÁREINN

SKJÁREINN

SKJÁRBÍÓ

SKJÁRHEIMUR

SKJÁRGOLF

K1005

Það munar miklu að vera í Námunni

Náman er vildarþjónusta fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.

2 fyrir 1 í bíó

Námufélagar fá tvo miða í bíó á verði eins, mánudaga til fimmtudaga, með því að greiða með Námukorti. Gildir á sýningar í Laugarásbíói, Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói.

Aukakrónur

Fríðindasöfnun fyrir viðskiptavini Landsbankans þar sem Aukakrónum er safnað með notkun kreditkorts. Fyrir krónurnar er síðan hægt að versla hjá yfir 300 fyrirtækjum.

Aukin þjónusta og betri kjör

Í Námunni færðu hagstæð kjör og vandaða ráðgjöf um fjármál. Þú færð betri yfirsýn á fjármálin með upplýsingum um námslán og styrki og svo spennandi tilboð í Netklúbbum.

Kynntu þér fleiri fríðindi, kjör og þjónustu á naman.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

